

# 67. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn í Stofu íslenskra fræða, föstudag 24. febrúar kl 12:15

(fundurinn hófst á hádegisverði í mötuneyti skólans)

**Fundinn sátu:** Gunnar Þorgeirsson, formaður, Sigurður Ingi Jóhannsson, Margeir Ingólfsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Halldór Páll Halldórsson skólameistari, Páll M Skúlason, aðstoðarskólameistari, Valgarður Reynisson, fltr. kennara, Engilbert Olgeirsson, fltr. foreldra, Ástrún Sæland, fltr. nemenda.

Edda Antonsdóttir boðaði forföll.

## Fundarefni:

1. Hækkun á gjaldskrá Mötuneytis ML – til umræðu og ákvörðunar.
2. Félagslíf nemenda – þróun og breytingar.
3. Til kynningar:
  - i. Niðurstaða rekstrar skólans árið 2011
  - ii. Framkvæmdir á önninni.
  - iii. Námsaðstoð fyrir nemendur sem eiga á brattann að sækja.
  - iv. Kynningarmál og innritunarferli.
4. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð nýjan fulltrúa nemenda velkominn. Hann lagði til að liður nr. 2 í dagskrá verði settur fyrstur. Það var samþykkt.

Við upphaf fundar voru SIJ og UBK ekki komin, en fyrir lá að þeim seinkaði nokkuð.

## 1. Félagslíf nemenda – þróun og breytingar.

Pálmi Hilmarsson, húsbóndi á heimavist og forvarnafulltrúi, sat fundinn undir þessum lið.

Hann ásamt öðrum fltr. skólans fóru yfir ýmisleg sem lýtur að félagslífi nemenda. Dansleikir hafa verið fæðir úr húsnæði skólans – hafa verið á s.k. Ellabar á Laugarvatni og þykir sú breyting hafa tekist vel. Einn dansleikur, Stjórnarskiptaball var haldið á Borg í Grímsnesi, en það var eini dansleikur vetrarins sem gestir nemenda sækja.

Pálmi fór yfir helstu þætti aðra sem einkenna félagslíf nemenda og starfs itt sem forvarnafltr. Hann greindi frá því að verið væri að herða á banni við notkun munn- og neftóbaks. Skm. Fjallaði einnig um ýmisleg sem að þessum málum lýtur, nefndi sérstaklega að vegna þrengsla í matsal skólans, verður árshátíðin haldin í félagsheimilinu á Flúðum. Þar eru auk þess meiri möguleikar á að flytja dagskrá. Maturinn verður eldaður hér en fluttur að Flúðum og þar verður síðan hlaðborð. Að lokinni dagskrá verður gömludansaball.

Nemendur halda síðan dansleik viku seinna og þá verður einnig frumsýnt innanhússleikrit.

Margt fleira var rætt undir þessum lið, en almenn var sú skoðun að félagslíf og umhverfi nemenda í skólanum væri í góðu lagi.

Hér vék Pálmi af fundi.

Samþykkt var að fjalla um lið nr. 3 á undan lið tvö.

## 2. Til kynningar:

- i. Niðurstaða rekstrar skólans árið 2011  
Skm greindi frá því að ársreikningur lægi ekki fyrir enn, en dreifði samandregnum upplýsingum úr reikningnum. (fskj 1) Hann greindi frá og útskýrði hvað liggur að baki ýmsum þeirra liða sem þar eru tilgreindir. Niðurstaðan er í góðu samræmi við það sem gert var ráð fyrir í áætlun.

ii. Framkvæmdir á önninni.

Undir þessum lið komu þau Sigurður Ingi Jóhannsson og Unnur Brá Konráðsdóttir á fundinn.

Skm. hafði framsögu og kynnti það sem gert er ráð fyrir að framkvæma á árinu. Hann fjallaði um og útskýrði.

Þetta er þetta helst fyrirhugað:

- Endurnýjun salerna á 2. hæð
- Hitalögn í útitröppur Fjarvistar og dyraumbúnaður (hurðarstell) endurnýjað.
- Anddyri Kasar endurnýjað til samræmis við anddyri Nasar.
- Lagfæring á Hlíð – sem er n.k. yfirfallsheimavist og aðstaða fyrir starfsfólk Hótel Eddu ML
- Teikningar og hönnun á innri endurnýjun/breytingum á Björk.

Í tengslum við þá þætti sem hér voru kynntir leiddu menn hugann að framtíðinni og mögulegri stækkun húsnæðis í tengslum við fjölgun nemenda. Rætt var um að taka fram smjörpappírinn, en ekkert var þó ályktað.

iii. Námsaðstoð fyrir nemendur sem eiga á brattann að sækja.

Skm fjallaði um hvernig haldið er á málum nemenda sem, gengur síður vel í námi sínu, sérstaklega þá nemendur á fyrsta ári, ekki síst vegna þess að hér eru einvörðungu hraðferðir. Fjallaði um stoðtíma, tvo í viku hverri, fyrir tiltekinn hóp nemenda. Einnig hefur verið fjölgað tímum í tilteknum stærðfræðiáföngum og nemendur sem standa hölum fæti eru skyldaðir í slíka tíma. Loks hafa nemendur í 4. bekk séð um stoðtíma í stærðfræði og hafa fengið fyrir það sporslu í ferðasjóð. Nokkuð mikil umræða varð undir þessum lið um námsmat og stöðu nemenda sem sækja um skólavist hér, í ljósi þess að ekki er lengur um að ræða samræmd próf við lok grunnskóla.

iv. Kynningarmál og innritunarferli.

Skm. Fjallaði um forinnritun og kynningarmálin. Forinnritun hefst 12. mars með sama hætti og á síðasta ári. Uppl. um áætlaða aðsókn liggur fyrir í lok mars.

### 3. Breytingar á gjaldskrá Mötuneytis ML – til umræðu og ákvörðunar.

Skólameistari hafði framsögu um þennan lið. ML fylgist með mötuneytismálum í sambærilegum skólum eins og Framhaldsskólanum á Laugum. Verð ræðst m.a. af þeim fjölda sem sækir mötuneytið. Daggjald mötuneytis ML hefur verið óbreytt undanfarin 4 ár og er nú talsvert lægra en í FL.

Að vel athuguðu máli er lagt til að hækkun næst haust verði 10%. Hóflegt tap er af rekstri mötuneytisins þetta skólaárið sem skýrist af mikilli hækkun á hráefniskostnaði. Samþykkt án athugasemda.

Unnur spyr varðandi stefnu mötuneytisins varðandi hollustuhætti. HPH upplýsir að skólinn sé nýlega orðinn Heilsueflandi framhaldsskóli. Unnar kjötvörur og annað sem ekki er talið heilsueflandi hafa smám saman minnkað og hollari valkostir komið í staðinn.

### 4. Önnur mál.

a. Könnun um líðan framhaldsskólanema. HPH lýsir yfir ánægju með stöðu ML í flestum atriðum, sérstaklega félagslífi og ástundun íþróttar. ML er víðast hvar í meðallagi samanborið við aðra framhaldsskóla á Íslandi.

ML tekur að jafnaði inn 52 nemendur á 1. ár.

b. HPH kynnir skólaskýrslu ársins 2011. Hún er sífellt að verða flottari og flóknari.

- c. Gjöf vegna afmælis Hótel Eddu ML. Erfitt hefur reynst að fá ljósmyndara til verksins. Málið er í eðlilegum farvegi. (sjá síðustu fundargerð)
- d. HPH hefur verið skipaður skólameistari ML til næstu 5 ára og óskar skólanefnd honum innilega til hamingju.
- e. Rætt um málefni Héraðsskólahússins.

Fundi slitið kl. 15:00

Páll M Skúlason ritaði fundargerð undir 1. og 2. lið, en síðan tók Valgarður Reynisson við og lauk rituninni.

Gunnar Þorgerisson (sign)  
Margeir Ingólfsson (sign)  
Sigurður Ingi Jóhannsson (sign)  
Unnur Brá Konráðsdóttir (sign)  
Engilbert Olgeirsson (sign)  
Valgarður Reynisson (sign)  
Ástrún Sæland (sign)  
Halldór Páll Halldórsson (sign)